

## ALÞJÓÐLEG SKATTASNIÐGANGA

### *Flótti eða fyrirhyggja?*

**Grant Thornton endurskoðun ehf. efnir til almenns fræðslufundar fimmtudaginn 14. október næstkomandi kl. 9 til 12 á Hótel Nordica í Reykjavík. Yfirskrift fundarins er Alþjóðleg skattasniðganga - flótti eða fyrirhyggja?**

Um 60% af öllum erlendum viðskiptum í heiminum eiga sér stað á milli félaga í alþjóðlegum samstæðum. Í þeim tilvikum eru kaupendur og seljendur vöru og þjónustu milli landa því tengdir. Við slíkar aðstæður er auðvelt að semja um verð þannig að tekjurnar sitji eftir í því landi þar sem skattarnir eru hvað lægstir. Í Danmörku einni er t.d. áætlað að hið opinbera verði af 70-140 milljarða skatttekjum á ári vegna slíkra tekjuflutninga. Miðað við vaxandi umfang alþjóðlegra viðskipta sætir furðu hversu lítill gaumur þessum málum er gefinn hér á landi.

Eftir setningu fjármagnstekjuskattlaganna 1996 var mönnum heimilt að fresta skattlagningu hagnaðar af sölu hlutabréfa umfram ákveðin mörk. Ef þeir keyptu önnur hlutabréf mátti auk þess færa hagnaðinn til lækkunar á kaupverði þeirra. Margir nýttu sér þessa heimild með stofnun á hlutafélögum í lágskattalöndum. Ákveði þessir menn að flytja af landi brott verður ekki unnt að skattleggja þá hér á landi. Íslenska ríkið verður því af verulegum skatttekjum. Til að koma í veg fyrir slíkt hafa margar þjóðir tekið upp sérstakan brottflutnings skatt (e. exit tax). Nýlegir úrskurðir dómstóls Evrópubandalagsins um að hún brjóti í bága við frjálsan flutning manna milli landa kunna þó að að setja slíka lagasetningu í uppnám.

Flutningur á fjármagni á milli Íslands og annarra landa er nú svo að segja frjáls. Séu menn óánægðir með skattlagninguna hér á landi er þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að þeir flytji af landi brott með alla sína fjármuni. Á hinn bóginn renna margir nú orðið hýrum augum til Íslands þar sem skattar hér á landi eru með því lægsta sem þekkest í norður Evrópu. Við yfirfærslu á fjármunum milli landa er að mörgu að hyggja. Hvað gerist t.d. ef maður selur eign til eða frá landi á undirverði/yfirverði? Hafa skattyfirvöld þá heimild til að leiðrétta verðlagningu eignanna? Hjá hverjum telst leiðréttingin til tekna? Er heimilt að beita álagi á hinar leiðrétta tekjur eða jafnvel gera manni refsingu?

Til að ræða þessi álitafni efnir Grant Thornton endurskoðun ehf. til fræðslufundar á Hótel Nordica fimmtudaginn 14. okt. nk. kl. 9 til 12. Fyrirlesarar verða dr. jur. Jan Pedersen prófessor við Háskólann í Árósum, Garðar Valdimarsson hrl. og löggiltur endurskoðandi hjá Taxis lögmönnum ehf. og Guðjón Rúnarsson lögfræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Fundarstjóri verður Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl., forstöðumaður skattasviðs Grant Thornton endurskoðunar ehf. og mun hann einnig verða með innlegg á fundinum.

**Dr. jur. Jan Pedersen)** prófessor við Háskólann í Árósum er einn helsti skattafræðimaður á Norðurlöndum í dag. Árið 1990 kom út doktorsritgerð eftir hann um misnotkun á skattalögum eða skattasniðgöngu eins og það hugtak er oftast kallað á íslensku. Í ritgerðinni skiptir Jan skattasniðgöngu í þrennt: **skattkvæmni** (d. skattetænkning), **skattundandrätt** (d. skatteundragelse) og **skattsvik** (d. skattesvig). Skattkvæmni, sbr. hugkvæmni, gengur út á það að finna glufur í skattalögum, sem unnt er að nota til að komast hjá skatti. Slíkar aðgerðir brjóta ekki í bága við lög og eru því almennt viðurlagalausar. Skattkvæmni er skyld skattafyrirhyggju (d skatteplanering). Ófugt við skattkvæmnina byggist skattafyrirhyggjan á lögum. Sem dæmi um það má nefna sölu á eign með hagnaði sem heimilt er að fresta skattlagningu á eða nota til að færa niður kaupverð annarrar eignar. Skattundandrättur

einkennist af óheimilum aðgerðum samkvæmt lögum án þess þó að skapa hlutaðeigandi refsíabyrgð. Það á t.d. við þegar einkaútgjöld manna eru gjaldfærð sem rekstrarkostnaður. Viðurlög við slíkum aðgerðum eru yfirleitt 25% álag á vantalda skattstofna. Skattsvik felast í undanskoti á tekjum og/eða eignum frá skatti af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Slíkar aðgerðir eru refsiverðar. Viðurlög við þeim eru sekt að lágmarki tvöfaldri fjárhæð hins undandregna skatts.

Á undanförunum árum hefur Jan látið æ meira að sér kveða á sviði alþjóðlegs skattaréttar. Árið 1998 kom t.d. út eftir hann bókin Transfer pricing eða Milliverðlagning eins og það hugtak hefur verið skilgreint á íslensku. Prófessor Dr. jur. Jan Pedersen á sæti í Norræna skattrannsóknarráðinu og hefur hlotið ýmiss verðlaun fyrir framlag sitt á sviði skattaréttar. Sjá nánar um Jan Pedersen: (<http://www.jura.au.dk/medarbejdere/jp.htm>)

**Garðar Valdimarsson** hrl og böggiltur endurskoðandi hjá Taxis lögmönnum ehf. er einn af helstu skattasérfræðingum hér á landi. Að loknu lagaprófi frá HÍ stundaði Garðar framhaldsnám í skattarétti í Kaupmannahöfn þar sem hann rannsakaði meðal annars tekjuhugtak íslenskra skattalaga. Eftir heimkomuna hóf Garðar störf hjá ríkisskattstjóra og gegndi meðal annars stöðu skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra um árabíl. Frá árinu 1999 hefur Garðar unnið sjálfstætt hjá fyrirtækinu Taxis lögmenn ehf. sem hann rekur ásamt öðrum. Eftir Garðar liggur fjöldi fræðigreina um skattarétt þar á meðal um milliverðlagningu (e. transfer pricing).

**Guðjón Rúnarsson** er lögfræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Að loknu lagaprófi hér heima stundaði hann framhaldsnám á Ítalíu þar sem hann lauk meistaraþrófi í lögum. Eftir heimkomuna hóf Guðjón starf hjá Verslunarráði Íslands þar sem hann veitti meðal annars forstöðu skattahópi samtakanna. Frá árinu 2000 hefur Guðjón verið framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Frá sama tíma hefur hann jafnframt leitt skattahóp Samtaka atvinnulífsins. Þar er mikil áhersla lögð á samkeppnishæfar skattprósentur í því skyni að treysta stöðu Íslands í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

**Ásmundur G. Vilhjálmsson** hdl. er forstöðumaður skattasviðs Grant Thornton endurskoðunar ehf. Að loknu laganámi starfaði hann um árabíl í fjármálaráðuneytinu. Á árunum 1989 til 1993 stundaði Ásmundur framhaldsnám í skattarétti í Danmörku og Svíþjóð. Árið 1999 hlaut Ásmundur tveggja ára styrk úr Vísindasjóði til rannsóknar á tekjuhugtaki íslenskra skattalaga, álagningu og framkvæmd. Í framhaldi gaf hann út bækurnar Skattaréttur 1 til 4. Árið 1999 kom svo út eftir Ásmund bókin Skattur á fjármagnstekjur og eignir og árið 2003 bókin Skattur á fyrirtæki. Báðar þessar bækur eru notaðar við kennslu í skattarétti á háskólastigi.

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins. Nánari upplýsingar um fundinn og skráningu á hann er unnt að nálgast á heimasíðu Grant Thornton endurskoðunar ehf. [www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is) .

**Fundurinn er öllum opin.**

**Hægt er að afla frekari upplýsinga með því að hafa samband við:**

**Ásmund G. Vilhjálmsson hdl. forstöðumann skattasviðs Grant Thornton endurskoðunar ehf.**

**Sími: 520 7000**

**Tölvupóstur: [asmundur@grantthornton.is](mailto:asmundur@grantthornton.is)**